Danska – 10. Bekkur

Kennarar

Brynhildur Steindórsdóttir
brynhildur.steindorsdottir@reykjavik.is
Andri Magnús Eysteinsson,
andri.magnus.eysteinsson@reykjavik.is

Lýsing

Danska er kennd í 4,5 kennslustundir á viku í þremur klukkustundarlöngum lotum. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið

Megintilgangur náms í dönsku er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Hæfni og kunnátta í dönsku gerir nemendum kleift að vera virkir þátttakendur í norrænu samstarfi, námi, starfi og leik.

Náms- og matsþættir í dönsku eru:

- Hlustun og áhorf (20%)
- Lestur og lesskilningur (20%)
- Samskipti (10%)
- Frásögn (20 %)
- Ritun (20%)
- Menningarlæsi (10%)

Námsefni

- Ekko, les- og vinnubók
- Smil, les- og vinnubók
- Den nye lærer, léttlestrarbók
- Námsefni og vinnuhefti frá kennurum

Kennsluaðferðir

Kennslustundir hefjast á að kennari útskýrir viðfangsefni kennslustundarinnar og lagt er upp úr að allir nemendur taki þátt um efnið út frá samræðumiðaðri kennslu. Þeir sem þurfa frekari útskýringar fá þær með einstaklingsmiðaðri leiðsögn.

Nemendur vinna sjálfstætt eða í félagi við samnemendur að lausnum viðfangsefna kennslustundarinnar.

Danska er kennd í sex mislöngum námslotum yfir veturinn. Lokamat hverrar lotu byggist á viðfangsefnum innan lotunnar. Það er á ábyrgð nemanda að fylgja áætlun, skila verkefnum og mæta í próf.

Námsmat

Námsmat í dönsku er fjölbreytt og tekur mið af ólíkum þáttum í námi nemenda. Námsmat getur meðal annars verið í formi skriflegra prófa, hlustunarprófa, einstaklings- og hópverkefna og kynninga.

Nám og kennsla eru skipulögð út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Vitnisburður við lok grunnskóla skal nú vera í tölustöfum og stendur yfir vinna hjá Menntamálastofnun við að aðlaga núverandi kerfi að þessari breytingu.

Námslotur

1. lota: 24. ágúst – 21. október

Orðabókaverkefni og fremtidsdrømme

Nemendur rifja upp færni sína í notkun orðabóka. Námsmat fer fram með orðabókakönnun.

Nemendur vinna 8. kafla í námsbókinni Ekko. Unnið er með orðaforða og texta tengda framtíðardraumum, áhugamálum og markmiðum. Áhersla er lögð á að efla lesskilning, hlustun, samskipti og ritun á dönsku. Námsmat fer fram með munnlegri glærukynningu um eigin framtíðardrauma á dönsku.

2. lota: 27. október – 4. desember

Tøj og tilbehør

Nemendur vinna 3. kafla í námsbókinni Smil. Unnið er með orðaforða og texta tengda fatnaði, tísku og persónulegum stíl. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun, samskipti og ritun og að nemendur geti lýst fatnaði og tjáð skoðanir sínar á dönsku. Námsmat fer fram með skriflegu kaflaprófi og hlustunarprófi.

3. lota: 7. desember – 19. febrúar

Jul og Les, se og hør

Nemendur vinna með orðaforða tengdum jólahátíðinni. Áhersla er lögð á talað mál. Námsmat er í formi myndbands eftir jólabakstur nemenda.

Nemendur vinna 4. Kafla í námsbókinni Smil. Unnið er með orðaforða og texta tengda fjölmiðlum, auglýsingum og kvikmyndum. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun, samskipti og ritun og að nemendur geti tjáð skoðanir sínar og rætt efnið á dönsku. Námsmat fer fram með skriflegu kaflaprófi og hlustunarprófi.

4. lota: 24. Febrúar – 16. mars

Hans Christian Andersen

Nemendur fræðast um ævi og verk Hans Christian Andersen og lesa nokkur af þekktum ævintýrum hans. Áhersla er lögð á lesskilning, samskipti, ritun og að nemendur geti rætt efni og boðskap ævintýranna og tjáð eigin skoðanir á dönsku. Námsmat er í formi hópavinnu með glærukynningu og munnlegum flutningi.

5. lota: 30. Apríl – 14. maí

Den nye lærer

Nemendur lesa léttlestrarbókina *Den nye lærer* og svara spurningum um efni og persónur í köflunum. Áhersla er lögð á lesskilning og orðaforða. Námsmatið er stutt ritgerð sem nemendur vinna úr efni bókarinnar á dönsku.

6. lota: 18. maí – 4. júní

Danske højskoler

Nemendur fræðast um danska lýðháskóla og kynnast starfsemi þeirra og námsframboði. Hver hópur velur sér einn lýðháskóla og kynnir sér hann nánar. Námsmat fer fram í hópavinnu þar sem hóparnir kynna sinn lýðháskóla með glærukynningu og munnlegum flutningi á dönsku.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá

Unnið verður með eftirfarandi hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla:

- Hlustun og áhorf (20%)
  - Frásagnir og kynningar
  - Fjöl- og myndmiðlar
  - Greining upplýsinga
- Lestur og lesskilningur (20%)
  - Greining aðalatriða
  - Rauntextar
  - Bókmenntir
  - Aðrar námsgreinar
  - Orðaforði
- Samskipti (10%)
  - Óformlegt samtal
  - Almenn samskipti
  - Samræður
- Frásögn (20 %)
  - Tjáning
  - Frásögn og kynning

    - Flutningur
- Ritun (20%)
    - Samfelldur texti
    - Málnotkun
    - Endursögn
    - Persónuleg reynsla
    - Skapandi ritun
- Menningarlæsi (10%)
    - Samfélag
    - Fjölbreytileiki
    - Skyldleiki og afbrigði tungumála